

Mál nr. 264/2020**M og
V vegna slysaftryggingar launþega A hjá V.****Ágreiningur um hvort atvik falli undir slyshugtak vátryggingarskilmála.****Gögn.**

Málskot mótttekið 11.08.2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 28.08.2020 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 14. febrúar 2018 hafi M, er hún starfaði sem sjálfboðaliði á vegum A, slasast er hún steig úr bifreið á Lækjargötu í Reykjavík. Hafi halli við ræsi í götunni leitt til þess að niðurstigið úr bifreiðinni var hærra en vanalega, sem hafi komið M á óvart og hafi hún fótbrotnað er hún steig niður á götuna úr bifreiðinni. M telur að slysið megi rekja til þess að gatan hallaði að ræsum og því hafi verið um skyndilegan og óvæntan, utanaðkomandi atburð að ræða sem leiði til þess að tjón hennar sé bótaskyldt úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Með bréfi, dags. 12. ágúst 2019, hafnaði V kröfu M á þeim grundvelli að skilyrði slyshugtaksins væru ekki uppfyllt. Þessi afstaða er ítrekuð í bréfi V til nefndarinnar þar sem segir að í áverkuvottorði komi fram að M hafi misstigið sig, þá segi í tjónstilkynningu M til V að M hafi fundið fyrir miklum verk í hægri ökkla við að stíga úr bifreið A, en niðurstigið hafi verið hærra en vanalegt sé vegna halla í götunni. Slyss sé í skilmálum V skilgreint sem skyndilegur, utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Meiðsl sem rekja megi til misstigs, tognunar og ofreynslu hafi ekki verið talin falla þar undir, enda sé þá ekki um utanaðkomandi atburð að ræða. Meiðsl M verði rakin til þess að eitthvað hafi gefið sig í fæti hennar er hún steig niður úr bifreið. Jafnvel þó hallinn í götunni hafi verið meiri en M gerði ráð fyrir sé ekkert í gögnum málsins sem styðji það að meiðsl hennar hafi orðið fyrir tilstilli utanaðkomandi atburðar. Er bótaskyldu því hafnað.

Álit:

Í 2. gr. 1. kafla skilmála viðeigandi vátryggingar er hugtakið slys skilgreint með þeim hætti að um sé að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans. Misstig hefur verið talið atburður sem á uppsprettu sína innan líkama tjónþola en verður ekki talið til utanaðkomandi atburða. Í þeim lækisfræðilegu gögnum sem fyrir nefndinni liggja kemur fram að M hafi misstigið sig illa á hægri ökkla, og ekki hefur verið sýnt fram á að utanaðkomandi atburður hafi orsakað misstigið eða að meiðsl M hafi atvikast með öðrum hætti, en engin frekari gögn um aðstæður á vettvangi liggja fyrir. Verður þannig að byggja á því að misstig hafi valdið því að M hlaut brot á völuþétti í hægri ökkla. Samkvæmt framansögðu telst M ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi viðeigandi vátryggingarskilmála og er því óhjákvæmilegt að hafna kröfu hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.